

## Fundargerð – 3. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint

Málsnúmer: FOR09030068  
Skráð: 27. mars 2009  
Eigandi skjals: Tómas Brynjólfsson(FOR/NotesSTJR)

Fundargerð: 3. fundur stýrinefndar ríkisstjórnarinnar og Hawkpoint (fjármálalegur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar) kl. 11 þann 24. mars 2009, Fjármálaráðuneytinu, Reykjavík.

Viðstaddir:

Indriði H. Þorláksson(formaður), Mats Josefsson, Þórhallur Arason, Þorsteinn Þorsteinsson, Helga Valfells fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Andrew Lynn, Charles Williams, Andrew Speirs og Christian Kent frá Hawkpoint. Tómas Brynjólfsson, ritari nefndarinnar.

Hawkpoint kynnti stöðu framvindunnar þann 24. mars 2009

### 1. Process

#### 1.a. Staða þekktra vinnuferla.

Endurskoðanir og viðskiptaáætlanir.

Christian Kent: Hawkpoint hefur hitt hvern banka til að fylgja eftir viðskiptaáætlunum FME. Engin áþreifanleg vinna hefur hafist við endurskoðanirnar. Tveir bankar halda fram að þeir geti klárað í byrjun maí og einn í endaðan maí. Viðskiptaáætlanirnar eru ítarlegar bottom-up áætlanir. Bréf var sent til bankanna á föstudag, svara beðið fyrir daginn í dag. Bankarnir hafa samþykkt að vinna með 8. apríl sem afhendingardag.

Gengi/gengislána ójafnvægi.

Hawkpoint bendir á gengis/gengislána ójafnvægi sem þýðingarmesta málið í náinni framtíð. Það er þörf á að móta stefnu og meta alla kosti. Það er nauðsynlegt að hefja viðræður við Seðlabankann til að fá málefni upp á borðið. Þessi tvö verkefni, innan bankanna og með Seðlabankanum þurfa svo að vera samræmd.

Þorsteinn upplýsti nefndina um að vinnunefnd um gengi/gengislána ójafnvægi væri að ljúka störfum og afhenda vandamálið til Hawkpoint sem á að komast að niðurstöðu gegnum þetta verkferli. Fjármálaráðuneyti á að biðja Seðlabankann um að semja fyrir hönd ríkisins við nýju bankana.

Eiginfjárkröfur

Samkvæmt Hawkpoint er þörfin á fjármagni enn vinnsla í gangi og mun m.a. koma með viðskiptaáætluninni. Hawkpoint er að byggja fjárhags líkan sem notar gögnin til að prófa mismunandi fjármagns þarfir.

Hr. Josefsson spurði hvort bankarnir hefðu farið fram á 15% CAD hlutfall.

Hr. Speirs svaraði því til að bankarnir hefðu ekki farið fram á sérstakt hlutfall. Aðal áhyggjuefni Hawkpoint er ekki hlutfallið sem slíkt heldur að það virki. Skortur á leiðsögn leiðir til aukinna umræðna um eiginfjárlutfall( capital ratio ).

Hr. Josefsson minnti á að upphaflega viljayfirlýsingin segir að bankarnir skuli endurfjármagnaðir að 10%.

Hr. Arason sagði að FME væri einnig að miða við 10% sem sitt viðmið.

Framkomnar upplýsingar.

Hr. Williams sagði að bankarnir væru að nota mismunandi aðferðir. Kaupþing hefði fengið ítarlega áreiðanleikakönnun frá Morgan Stanley. Þeir hefðu sett upp ítarlegt gagnaherbergi og hefðu sett upp trúnaðarsamning.

Íslandsbanki hefði afhent mikilvægar upplýsingar og sett upp gagnaherbergi. Hawkpoint hefði stöðvað þá vinnu þar til skýrar leiðbeiningar gætu verið gefnar. Landsbanki bíður fyrir mæla. Það er þörf á að veita sama aðgang í öllum tilvikum og þess vegna að fylgja stærsta sameiginlega samnefnaranum. Aðgerðir Kaupþings muna, vegna þess, setja fordæmi. Aðgangur að upplýsingum er einnig mikilvægasta málefnið frá sjónarhóli kröfuhafa að sögn Hawkpoint.

Hr. Speirs taldi þessa spurningu meira pólitísku eðlis en efnislega. Kröfuhafarnir þyrftu viðskiptaáætlunina og Deloitte vinnuna og skilning á því til að meta verðmæti yfirfærðra eigna. Hann lagði jafnframt áherslu á að það væri mikilvægt að setja upp flæði og stýra samskiptum milli aðila. Hawkpoint hefur reynt að skerpa þetta ferli og komið skilboðum um samskipti milli skilanevnda og nýju bankanna.

Hr. Josefsson spurði hversu mikil gögn nýju bankarnir hefðu.

Hr. Williams sagði að lykiltríðin væru endurskoðanirnar og viðskiptaáætlanirnar til viðbótar nýlegum viðskiptum. Gagnaherbergin myndu hjálpa fjárhagsráðgjöfunum til að ná samhengi í Deloitte vinnuna og gæti flýtt henni.

Hr. Þorsteinsson sagði að honum fyndist að fjárhagsráðgjafar Kaupþings og Íslandsbanka væru lengra komnir en Hawkpoint. Þessi vinna væri, hins vegar, að hluta til einskis. Það væri hins vegar ekki hlutverk stýrinefndarinnar að ákveða um verkefni unnin af fjármálaráðgjöfunum.

Frú Valfells gaf álit sitt á fréttatilkynningum frá bönkunum í tengslum við grein í Morgunblaðinu þann 24. mars um hugsanlegan samruna bankanna. Hún velti fyrir sér hvort Morgan Stanley væri að gefa út fréttatilkynningar tengdar vinnuferlinu.

Hr. Speirs sagði Hawkpoint hafa átt góða fundi með kröfuhöfum og mjög góðar samræður. Þeir hafi lýst yfir efasemdum um ferlið og samskipti. Þessar samræður hafi lyft væntingum og það er gott að lyfta þeim. Hann spurði hvort samræmingarnefndin hafi fengið einhver viðbrögð.

Hr. Josefsson sagði samskiptin að mestu einhliða. Bestu samræðurnar væru um winding-up gögnin. Þeir væru hins vegar áhugasamir um að vita tímaáætlunina.

Hr. Speirs sagði aðal áhyggjuefni kröfuhafanna í tengslum við tímaáætlunina væru tengd framvindunni og hvort þeir hefðu nægan tíma til að gefa ráð og hafa áhrif á ferlið.

Andrew Speirs sagði að kröfuhafarnir þyrftu að skilja ferlið til að geta sagt heima að þeir hefðu gert allt sem þeir geta. Ríkisstjórnin þyrfti einnig að skilgreina hvað hún þyrfti frá kröfuhöfunum. Samkomulagið er við skilanevndirnar og fjárhagslega ráðgjafa þeirra. Kröfuhafarnir þyrftu að sjá það sem sanngjarnt samkomulag. Það myndi hjálpa að fá álit frá töluverðum fjölda kröfuhafa og stuðning frá þeim. Slíkur stuðningur yrði afar mikilvægur fyrir ríkisstjórnina og sýndi öðrum kröfuhöfum að þetta væri ekki eignarnám. Þetta er efst í huga Hawkpoint.

Hr. Josefsson sagði að það væri jákvætt ef samkomulag, studd af kröfuhöfum, gæti náðst, ef þeir vildu ná slíku samkomulagi.

Hr. Speirs sagði að kröfuhafarnir vildu ná samkomulagi. Þeir hefðu, hins vegar, áhyggjur af að þeir myndu ekki fá mikil verðmæti og þeir gætu ekki gert mikið í því. Þeir hafa verið að hóta að nota núverandi ástand gegn hagsmunum Íslands erlendis. Þeir munu ekki láta verða af því ef þeir fá eitthvað.

Hr. Josefsson sagði að hann tryði því ekki að kröfuhafarnir myndu láta verða af hótunum þeirra.

Hawkpoint lagði til að skilanevndirnar gætu sett samninga í stuðnings atkvæðagreiðslu. Ef kröfuhafarnir samþykktu samkomulagið, yrði erfiðara að vekja spurningar utan Íslands.

Spurning hefur komið upp um alþjóðlegan lögfræðilegan ráðgjafa. Hugsanlegar aðgerðir og auðlindir utan Íslands þyrfti að greina.

Hr. Þorláksson sagði að það væri mikilvægt að skoða hvaða kröfuhafar væru mikilvægastir Íslandi. Það eru sérstaklega stóru bankarnir sem Ísland hefur verið í tengslum við í langan tíma. Við ættum ekki að hugsa um að gefa þeim betri samning, heldur hlusta á áhyggjur þeirra og kröfur.

Hr. Williams samþykkti að horfa yfri til þess að koma íslensku bönkunum aftur inn í kerfið.

Hr. Josefsson spurði hvað myndi gerast ef naumur meirihluti kröfuhafanna yfri andsnúinn samkomulaginu.

Hr. Williams sagði að skilanefndirnar yrðu að samþykkja og skrifa undir samkomulagið. Þeim þyrfti að líða vel með það. Hann sagði að útlit eignarnáms gæti haft alvarlegar afleiðingar.

Frú Valfells sagði skilanefndirnar óttast málaferli.

Hr. Williams sagði þeir kröfuhafar sem væru mest blandaðir í málið ættu að hafa mest um það að segja.

Hr. Speirs sagði það sína tilfinningu að skilanefndirnar væru leiddar af ráðgjöfum. MS væru í mestum tengslum við áhyggjur kröfuhafa. Litu þá sem þeirra raunverulegu viðskiptavini. Þeir væru komnir lengst í lærdómskúrfunni og væru herskáastir. Kröfuhöfum fyndist MS vera mest inn í málinu.

Barcap hefðu komið upp þökkalegu teymi en væru neðar í kúrfunni.

UBS er að vinna of mikið fyrir Íslandsbanka. Kröfuhafar myndu hafa áhyggjur ef þeir vissu hvernig UBS er að haga sér.

Hr. Þorsteinsson sagði að það væri skortur á afskiptum eiganda. Gengis/gengislánaójafnvægi væri mikilvægast, ekki síst vegna /neikvæðra(the negative carry). Ríkisstjórnin er að styðja FX lánveitendur. Það er þörf á að fást við þetta fljótt. Hugsanlegt pólitískt vandamál. Bankarnir hafa einnig umtalsvert tap af því að kaupa eignir af peninga markaðs sjóðum. 30 milljarðar íslenskra króna frá LAIS.

Hr. Speirs spurði um áhyggjur AGS.

Hr. Josefsson svaraði að áhersla sjóðsins væri að mestu á fjárlagagerðina.

Hr. Þorláksson sagði að hann myndi taka þetta upp á fundi hans með fastafulltrúa AGS daginn eftir.

Hr. Willamson benti á að ef tapi bankanna yfri ýtt yfir á einkageirann, myndi það veikja hann frekar með tilheyrandi frekari veikingu á efnahagsreikningi bankanna.

#### 1.b. Tímaáætlun

-Lykil vegstikur og afhendingarmöguleiki

-Samskipti (Ríkisstjórn, AGS, nýju bankarnir, skilanefndirnar)

-Birthing Deloitte skýrslunnar.

Hr. Williams kynnti nýja ítarlega tímaáætlun sem sýndi að fýsilegt væri að ljúka ferlinu í lok maí, byrjun júní. Lok maí væri hins vegar ekki áætlaður afhendingar tími Hawkpoint. Þessi tímaáætlun tæki hins vegar ekki tillit til atburðanna í kringum SPRON og Icebank. Áhrif þess þyrfti að skoða frekar.

Ferlið er um þessar mundir á undirbúningsstigi með þrjá flókna verkferla. Deloitte skýrslan yfri fánleg þann 31. mars. Aðal spurningin er hvort fjárhags ráðgjafarnir fái aðgang að 2. kafla skýrslunnar. Það gætu verið nægar upplýsingar fyrir 24. apríl til að hefja samningaviðræður. Loka dagsetning myndi ráðast af

úrlausn skbr./fjármálagjörningsins, loka úttektum (endurskoðunum) skiptum og svo að fá rétta fólkið inn í herbergi til að semja.

Hr. Josefsson spurðu hvort hægt væri að flýta þessari tímaáætlun. Hann hefði áhyggjur af því að það að fresta ferlinu fram í júní gæti verið erfitt fyrir LOI. Þetta myndi leiða til viðbótar 2 mánaða óvissu fyrir bankana.

Hr. Williamsom og hr. Speirs sögðu að þessi tímaáætlun væri eins knöpp (letter of intent) og mögulegt væri. Tímasetningar gætu falið í sér áhættu og að allt þyrfti að vera til staðar í þriðju viku apríl. Bankarnir væru nú þegar á tímaáætlun en þeir þyrftu að bíða að hluta eða niðurstöðu Deloitte skýrslunnar. Viðskiptaáætlunin þyrfti að vera tilbúin fyrir páska.

Hr. Josefsson sagði að það væru hagsmunir bankanna að tefja ferlið. Hann spurði hversu mikil pressa hefði verið sett á bankana að flýta þessu ferli.

Hr. Williamson sagði að hann tryði því ekki að bankarnir væru að tefja ferlið en að þeir hefðu ekki almennilega viðskiptaáætlun.

Frú Valfells sagði bankana yfirmannaða um þessar mundir og eitthvað af þessu starfsfólki væri hægt að nýta til að flýta ferlinu.

Andrew Lynn sagði að það væri líka þörf á að herða á ferlinu hjá Ríkisendurskoðun. Bankarnir hefðu vænst þess af Deloitte ferlinu að skilgreina upphafs efnahag og skbr./fjármálagerninginn sem fælu í sér öll svör. Bankarnir vildu útkljá þetta núna en seinkun er á ferlinu.

Hr. Þorláksson sagði að bankarnir hefðu átt að hafa vitað fyrir 3-4 vikum að Deloitte ferlið myndi ekki leiða til óbreytanlegra talna sem þeir gætu notað.

Hr. Speirs sagði að tímaáætlunin sem Hawkpoint byði fram væri "hetjuleg". Byggja þyrfti upp bankana á ný á aðeins 2 mánuðum og Hawkpoint hefði reynt að hefja það ferli allt hratt.

Hr. Josefsson sagði að frekari tafir gæti orðið skaðlegar alþjóðlegri stöðu Íslands. Hann spurði hvort hægt væri að flýta ferlinu um 10 daga. Með því að færa ferlið inn í maí yrði samstarfið við AGS mun auðveldara.

Hr. Williamson sagði að ferlinu hefði verið flýtt eins mikið og kostur væri. Hawkpoint hefði valið lok júní fram í miðjan júlí ef þeir hefðu ráðið för.

Hr. Josefsson spurði hvar veikleikana væri að finna.

Hr. Williamson sagði að spurningin hvort Deloitte ferlið væri ásættanlegt væri megin spurningin.

Frú Valfells spurði hvort það væri hægt að stýra eftirvæntingum eftir Deloitte skýrslunni.

Hr. Williams sagði að það hefði nú þegar verið gert upp að vissu marki.

Hr. Þorsteinsson sagði að útgáfa af 2. kafla myndi flýta fyrir ferlinu.

Hr. Þorláksson sagði að það þæri þörf fyrir raunsæa en herskía tímaáætlun.

Hr. Þorsteinsson sagð að þessar tafir settu meiri þrýsting á minnisblaðið um sameiginlegan skilning. Sú viðbótar vinna sem fylgdi yrði meira tæknileg. MoU myndi segja við umheiminn að árangur væri að nást.

Hawkpoint lagði mikla áherslu á að þörf fyrir að almennileg viðskiptaáætlun væri til staðar. Hún þyrfti að taka mið af ójöfnuðinum. Hawkpoint hefur efasemdir um að viðskiptaáætlanirnar gætu verið til nógu góðar

fyrir páska.

Hr. Þorláksson: vinna þarf að halda áfram í samræmi við tímaáætlun Hawkpoint. Möguleika á að flýta henni þarf að skoða en það er ekki raunsætt að gera ráð fyrir dagsetningu nær í tíma. Þetta mál yrði tekið upp næsta dag með fastafulltrúa AGS.

Hawkpoint bauðst til að ræða tímaáætlunina með AGS.

Hr. Speirs sagði að endurfjármögnum gæti ekki átt sér stað þar til skbr./fjármálagerningurinn er tilbúinn og skilningur á öllum ójöfnuði. (imbalances are fully understood)

Hr. Josefsson var ekki sammála. Gerir ráð fyrir hluta endurfjármögnun sé möguleg þar sem CAD byggir að meginhluta á eignum, skbr./fjármálagerningurinn væri þess vegna ekki nauðsynlegt fyrir það. Slík hluta endurfjármögnun myndi líta betur út fyrir ríkið.

Hr. Speirs sagði að þróun mála með SPRON og Icebank gerði málið erfiðara. Nýjar skuldbindingar í bókum Kaupþings. Einnig, kröfuhafarnir skildu ekki ferlið. Það væri skortur á stjórn á ferlinu og reynsluleysi SPRON og FME megin í ferlinu.

Stjórnskipulag.

Stjórnskipulag er mikilvægt fyrir kröfuhafana, þar sem eignarhaldsfélagið gegnir mikilvægu hlutverki. Hawkpoint vill ræða við kröfuhafana um stjórn bankanna. Hawkpoint útlistaði á 2. fundi áhyggjur sínar af því að afhenda kröfuhöfunum hlutafé. Senda bréf á skilanevndirnar og fjárhagsráðgjafana og fara fram á þeirra álit á þessum málum en taka fram að engin ákvörðun hafi verið tekin enn varðandi fé til kröfuhafa.

Frú Valfells: Viðskiptaráðherra er opinn fyrir erlendu eignarhaldi bankanna.

Hr. Josefsson vill að minnisblað um kosti og galla erlends eignarhalds verði útbúið fyrir ríkisstjórnina. Athygli þarf hins vegar að vera á öðrum málum eins og ójöfnuðinum.

Hr. Þorsteinsson benti á að með skiptasamningi við ríkisstjórn yrði erfitt að hafa erlenda eigendur bankanna. Skiptin yrðu ekki líkleg til að vera á markaðs skilmálum. Ef kröfuhafarnir eiga bankana yrðu þeir að bera áhættuna.

AMC

Hr. Josefsson var beðinn af Hawkpoint um að lista upp megin atriði í tengslum við AMC. AMC þyrfti leiðsögn. Það þyrfti að vera til staðar eins fljótt og mögulegt væri. Það væri þörf á að ráða stjórnunar teymi og skuldaendurskipulagningar teymi. Flest lán yrðu eftir á efnahagsreikningi bankanna og kostnaðurinn yrði borinn af bönkunum. Sameiginlegar stórar áhættur (common large exposures) gætu verið færðar inn í AMC auk einhverra einskisverðra eigna.

Hr. Williams: Það er þörf á að girða kringum verðmæti og skilja hvernig þetta myndi virka með AMC. Stjórnunarteymi nýju bankanna þurfa að skilja ferlið.

Hr. Josefsson sagði að einu raunverulegu skrefin sem tekin hafa verið til dagsins í dag væru að undirbúa lög og senda Alþingi. Leiðbeiningar um ákvarðanatöku væru í þróun.

Hr. Arason. 2 einstaklingar hafa verið ráðnir til að vinna við AMC. Fjármálaráðuneytið sendi frumvarp til Alþingis og lýtur á það sem vopn í sínu vopnabúri. Það gæti verið notað fyrir þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki. Mest af endurskipulagningu myndi hinsvegar vera unnið af bönkunum.

Hr. Þorláksson sagði að löggin yrðu samþykkt í þessari viku eða þeirri næstu. Enskur úrdráttur myndi verða sendur til Hawkpoint frá fjármálaráðuneytinu.

Hawkpoint fór yfir hversu lítið bankarnir hefðu nú þegar gert varðandi endurskipulagningu fyrirtækja. Ekki nægjanlegt starfsfólk. Þörf væri á fleira fólki þar sem það er stórkostlegur skortur í endurskipulagningu.

Hawkpoint sagði að það væri skynsamlegt að hafa sameiginlegan (central) hóp, en stjórn yrði haldið í bönkunum. Það þyrfti að vera yfirsýn yfir kerfið. Upplýsingar frá Landsbanka væru að mörg fyrirtæki vildu ekki taka þátt í endurskipulagningu (engage in..)

Fundinum lauk kl. 13.15